

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/2295****2016/EES/19/22****frá 9. desember 2015****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar skrár yfir samþykktar starfsstöðvar
í matvælageiranum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽¹⁾, einkum f-lið 2. mgr. 31. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er mælt fyrir um almennar reglur um framkvæmd opinbers eftirlits til að staðfesta að reglur Sambandsins um fóður og matvæli, heilbrigði dýra og velferð þeirra séu virtar. Þar er kveðið á um að aðildarríkin eigi að halda uppfærðar skrár yfir samþykktar starfsstöðvar sem séu gerðar aðgengilegar öðrum aðildarríkjum og almenningi.
- 2) Í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005⁽²⁾ skal framkvæmdastjórnin halda úti vefsetri þar sem hvert aðildarríki skal setja tengil á eigið vefsetur sem inniheldur uppfærðar skrár yfir samþykktar starfsstöðvar sem eru aðgengilegar öðrum aðildarríkjum og almenningi. Greining á þessum skráum, t.d. til að gera áhrifamat og tengla við annan upplýsingatæknibúnað framkvæmdastjórnarinnar, hefur reynst mjög tímafrek og flókin.
- 3) Til að einfalda möguleikann á að greina skrárnar yfir starfsstöðvar aðildarríkjanna og til að bæta samþykkttri starfsstöð Sambandsins við þessar skrár án ótilhlýðilegrar tafar virðist rétt að heimila notkun á TRACES-kerfinu.
- 4) Kröfurnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð fela í sér aðlögun á núverandi starfsvenjum, bæði fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja og lögbær yfirvöld. Því er við hæfi að heimila frestun á beitingu þessarar reglugerðar.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 2074/2005 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005 komi texti viðaukans við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 324, 10.12.2015, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2016 frá 18. mars 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 frá 5. desember 2005 um framkvæmdarráðstafanir, er varða tilteknar afurðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og er varða skipulag opinbers eftirlits samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004, um undanþágu frá reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 og breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 (Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 27).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar;

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„V. VIÐAUKI

Skrár yfir samþykktar starfsstöðvar

I. KAFLI

AÐGANGUR AÐ SKRÁM YFIR SAMÞYKKTAR STARFSSTÖÐVAR

Til að auðvelda aðildarríkjunum að gera uppfærðar skrár yfir samþykktar starfsstöðvar í matvælageiranum aðgengilegar fyrir önnur aðildarríki og almenning skal framkvæmdastjórnin halda úti vefsetri, þar sem hvert aðildarríki skal setja tengil á eigið vefsetur, eða upplýsa um að þessar skrár séu birtar gegnum Traces-kerfið.

II. KAFLI

SNIÐ FYRIR LANDSBUNDIN VEFSETUR**A. Aðaltenglasafn (e. *masterlist*)**

1. Hvert aðildarríki skal láta framkvæmdastjórninni í té tengil (e. *linking address*) á eitt innlent vefsetur þar sem finna má aðaltenglasafn yfir skrár yfir samþykktar starfsstöðvar í matvælageiranum sem framleiða afurðir úr dýraríkinu eins og þær eru skilgreindar í lið 8.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.
2. Aðaltenglasafnið, sem um getur í 1. lið, skal vera ein síða og á einu eða fleiri opinberum tungumálum Sambandsins.

B. Aðgerðarít

1. Vefsetrið með aðaltenglasafninu skal sett upp af hálfu lögbæra yfirvaldsins eða, eftir því sem við á, eins þeirra lögbæru yfirvalda sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004.
2. Í aðaltenglasafninu skulu vera tenglar á:
 - a) aðrar vefsíður á sama vefsetri,
 - b) vefsíður, sem önnur lögbær yfirvöld, einingar eða eftir því sem við á, aðilar sjá um ef lögbært yfirvald, sem um getur í 1. lið, sér ekki um viðhald tiltekinn skráa yfir samþykktar starfsstöðvar í matvælageiranum.

C. Skrár gegnum TRACES-kerfið

Þrátt fyrir A- og B-hluta er aðildarríkjunum heimilt að láta skrárnar í té gegnum TRACES-kerfið

III. KAFLI

ÚTFÆRSLA OG KÓÐAR FYRIR SKRÁR YFIR SAMÞYKKTAR STARFSSTÖÐVAR

Ákveða skal útlitssnið, þ.m.t. viðeigandi upplýsingar og kóðar, til að tryggja breiðan aðgang að upplýsingum sem varða samþykktar starfsstöðvar í matvælageiranum og til að gera skrárnar læsilegri.

IV. KAFLI

TÆKNIFORSKRIFTIR

Þau verkefni og sú starfsemi, sem um getur í II. og III. kafla, skulu innt af hendi í samræmi við tækniforskriftirnar sem framkvæmdastjórnin gefur út.“
